



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

183. fundur skólanefndar FS

29. desember 1993

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir, Kristbjörn Albertsson, Magnús Óskar Ingvarsson, Gísli Torfason, Gestur Páll Reynisson, Hjálmar Arnason, skólameistari, og áheyrnarfulltrúinn Ingimundur Guðnason úr Gerðahreppi.

Dagskrá:

1. Lok haustannar.
2. Reglugerð fyrir mötuneyti FS.
3. Önnur mál

1. Lok haustannar.

Skólaslit voru á sal skólans 19. desember að viðstöddu fjölmenni. Alls voru 67 nemendur útskrifaðir. Stúdentar voru 43, af tæknisviði voru 19 og 5 luku námi af 2 ára bóknámsbrautum. Úr Keflavík komu 35 nemendur, 12 úr Njarðvík, 6 úr Grindavík, 5 úr Garði, 2 úr Sandgerði, 2 úr Vogum og 5 utan Suðurnesja. Fjöldi nemenda á vorönn verður svipaður og á haustönn. Sex nemendum hefur verið neitað um skólavist á vorönn vegna slakrar ástundunar og árangurs. Vorönn hefst 5. janúar með samstarfsdegi skólans með framhaldsskólunum á Akranesi og Selfossi. Stundatöflur verða afhentar 6. og 7. janúar. Skólasetning verður á sal mánudaginn 10. janúar og kennsla hefst að henni lokinni. Brugðið verður út af venjunni með opna daga sem hafa verið í febrúar undanfarin ár. Ætlunin er að vinna að ýmsum verkefnum á önninni og halda sýningu fyrir almenning skömmu fyrir páska.


2. Reglugerð um mötuneyti FS.


Vegna bókhaldslaga þarf mötuneyti FS að fá kennitölu og setja verður reglur um starfsemi þess. Lögð fram drög að reglugerð mötuneytis. Nokkrar umræður urðu um drögin en þau síðan samþykkt með breytingu á grein 5.1; við hana var bætt "í samráði við matráðsmann". Skólanefnd skal tilnefna formann stjórnar mötuneytis og var samþykkt að Jón Sæmundsson, fjármálastjóri, verði formaður hennar.

3. Önnur mál.

- a) Hjálmar óskaði nefndarmönnum gleðilegs árs og þakkaði samstarfið á árinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Sigríður Jóhannesdóttir,
formaður


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari